

Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019

Hveragerði 23. janúar 2019

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir



» Samþykkt á Alþingi 20. september 2016

Miðar að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Í því skyni er lögð áhersla á fimm stoðir:

- Samfélagið (5)
- Fjölskyldan (8)
- Menntun (6)
- Vinnumarkaður (6)
- Flóttafólk (5)

- » A.1. Mælingar á viðhorfum
- » A.2. Kynning
- » A.3. Hvatningarverðlaun
- » A.4. Fræðsla til starfsfólks ríkis og sveitarfélaga
- » A.5. Málþing innflytjenda



A.4. Fræðsla til starfsfólks ríkis og sveitarfélaga

Markmið: Að auðvelda aðgengi innflytjenda að opinberri þjónustu og efla faglega þekkingu starfsfólks á menningarnæmi og -færni.

Framkvæmd: Stofnaður verði starfshópur sem undirbúi fræðslu fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga. Haldin verði námskeið fyrir starfsfólk í framlínu þjónustustofnana og sérfræðinga í nærþjónustu, svo sem félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, kennara og lögregluþjóna.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Félög og hagsmunasamtök innflytjenda, ríkisstofnanir, mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélög, stéttarfélög, Barnaverndarstofa, Samband íslenskra sveitarfélaga, Fjölmeningarsetur og innflytjendaráð.

Mælikvarðar: Meira en helmingur opinberra stofnana ríkis og sveitarfélaga fræði starfsfólk sitt á tímabilinu. Markmið verði sett um aukna ánægju notenda með viðmót og þekkingu starfsfólks stofnana.

Hagaðilar/markhópur: Starfsfólk þjónustustofnana og innflytjendur.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: 8 m.kr.

Niðurstaða: Samþætt stjórnsýsla og þjónusta hins opinbera, ásamt fræðsluáætlun og námskeiðsgögnum.



- » B.1. Samturfsteymi helstu stofnana sem koma að skráningu erlendra ríkisborgara
- » B.2. Móttökuáætlun sveitarfélaga
- » B.3. Upplýsingagjöf til innflytjenda fyrst eftir komu til landsins
- » B.4. Upplýsingar til innflytjenda frá sveitarfélögum
- » B.5. Innflytjendur á húsnæðismarkaði
- » B.6. Þátttaka barna og ungmenna í íþróttá-, tómstunda- og æskulýðsstarfi
- » B.7. Stuðningur við konur sem hafa búið við heimilisofbeldi
- » B.8. Ofbeldi



B.2. Móttökuáætlun sveitarfélaga

Markmið: Að stuðla að því að vel sé tekið á móti nýkomnum innflytjendum.

Framkvæmd: Settur verði á fót starfshópur sem fái það hlutverk að semja fyrirmynd að formlegri móttökuáætlun fyrir sveitarfélög. Starfshópurinn vinni m.a. að því að auðvelda aðgengi að upplýsingum og þjónustu á fyrstu vikum og mánuðum sem einstaklingar og fjölskyldur búa á Íslandi. Hann vinni einnig að bættri upplýsingagjöf um nærbjónustu til innflytjenda. Starfshópurinn hlutist til um að sveitarfélög taki þátt í reynsluverkefni sem snýr að gerð og innleiðingu móttökuáætlunar og upplýsingagjöf sveitarfélaga til innflytjenda, sbr. lið B.4.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög, innanríkisráðuneytið, Þjóðskrá Íslands, Útlendingastofnun, innflytjendaráð, Rauði krossinn á Íslandi og Fjölmenningssetur.

Mælikvarði: Að minnst 15 sveitarfélög hafi tekið upp formlega móttökuáætlun í lok árs 2019 og að þau sveitarfélög nái til þorra innflytjenda á Íslandi.

Hagaðilar/markhópur: Opinberir þjónustuaðilar og innflytjendur.

Tímabil: 2016–2019.

Kostnaður: Innan ramma.

Niðurstaða: Fyrirmynd að móttökuáætlun liggja fyrir og unnið verði samkvæmt henni við móttöku innflytjenda í þorra sveitarfélaga.



- » C.1. Jöfn tækifæri til náms
- » C.2. Virkt tvítyngi/fjöltyngi
- » C.3. Aðgerðir gegn brotthvarfi úr námi
- » C.4. Íslenskukennsla fyrir fullorðna
- » C.5. Menntun samfélagstúlka
- » C.6. Mat á menntun

- » D.1. Hlutfall innflytjenda í opinberum störfum og áhrifastöðum
- » D.2. Launajafnrétti á vinnumarkaði
- » D.3. Tengslanet innflytjenda á vinnumarkaði
- » D.4. Auknir möguleikar til endurmenntunar og starfstengds náms
- » D.5. Fjölgun sérfræðimenntaðra innflytjenda á Íslandi
- » D.6. Bætt eftirlit með vinnustöðum

- » E.1. Móttaka flóttafólks eftir hælisleit
- » E.2. Fræðsla og ráðgjöf fyrir flóttafólk
- » E.3. Endurskoðun lagaumhverfis
- » E.4. Rannsókn á stöðu og líðan flóttafólks
- » E.5. Vinnumarkaðurinn